

DV

Miðvikudagur 3. maí



- 16.30 **Fræðsluvarp 1.** Evrópski listaskólinn (2), 50 mín. Sænskur fræðslubáttur í fjórum þáttum. 2. Alles Gute, 25. þáttur (13 mín.). 3. Fararheill til framtíðar.
- 17.50 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi. Umsjón Arný Jóhannsdóttir.
- 18.50 **Tákn málsfréttir.**
- 18.55 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
- 19.20 **Svarta naðran** (Blackadder). Annar þáttur. Breskur gamanmyndaflokkur þar sem fjallað er á meinfyndinn hátt um breska aðalinn fyrir á öldum. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
- 19.54 **Ævintýri Tinna.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Póstkort frá Lausanne.** Kynning á borginni Lausanne í Sviss þar sem Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva fer fram 6. maí næstkomandi.
- 20.40 **Grænir fingur.** Nýr íslenskur þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar. Í þessum þætti fjallar Hafsteinn um sáningu og uppeldi á sumarblómum.
- 20.55 **Ísland og umheimurinn.** Þriðji þáttur - Að selja uppskeruna. Hver eru efnahagsleg einkenni smárikja? Í þessum þætti er sýnt fram á hve Íslendingar eru háðir umheiminum vegna viðskipta. M.a. er fjallað um þátttöku og afstöðu Íslendinga til EFTA. Umsjón Albert Jónsson.
- 21.35 **Íþróttasýrpa.** Stíkláð á stóru í heimi íþróttanna hérlendis og erlendis.
- 21.55 **Lánið er valt.** (In This Our Life). Bandarísk bíómynd frá 1942. Leikstjóri John Huston. Aðalhlutverk Bette Davis, George Brent, Olivia de Havilland og Dennis Morgan. Ung kona svikur mannsémi sitt í tryggðum og hleypst á brott með eiginmanni systur sinnar. En ekki líður á löngu þar til hún snýr aftur heim, ein síns lífs. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
- 23.00 **Ellefurfréttir.**
- 23.10 **Lánið er valt, framhald.**
- 23.40 **Dagskrárlok.**



- 16.45 **Santa Barbara.**
- 17.30 **Tengdapabbarnir.** In-Laws. Bráðskemmtileg mynd um tengdapabba sem eiga sér sameiginleg áhugamál, nefnilega að ræna banka. Aðalhlutverk: Alan Arkin og Peter Falk. Leikstjóri: J. Lee Thompson.
- 19.19 **19:19.** Fréttir og fréttumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innskotum.
- 20.00 **Sögur úr Andabæ.** Ducktales. Heimsins frægustu endur. Það fær ekkert stöðvað Jóakim frændi í leit að meiri peningum þrátt fyrir gifurleg auðafi nú þegar og ótrúlega nisku.
- 20.30 **Skýjum ofar.** Reaching for the Skies. Mjög athyglisverður myndaflokkur í tólf þáttum um flugið. 11. þáttur. CBS.
- 21.30 **Spenna í loftinu.** Thin Air. Framhaldsmyndaflokkur í fimm hlutum. Þriðji þáttur. Leikstjóri: Antonia Bird.
- 22.25 **Viðskipti.** Íslenskur þáttur um viðskipti og efnahagsmál í umsjón Sighvats Blöndahl og Ólafs H. Jónssonar.
- 22.50 **Hrolltröð.** Frightmares. Næstkomandi þrjá miðvikudaga verða á dagskrá úrvals spennumyndir með meistara John Hurt í aðalhlutverki. Aðalhlutverk: John Hurt, Ron Berglas, Edward Hardwicke, Leslie Rooney og Kevin Parker.
- 23.15 **Sverð Arthúrs konungs.** Excalibur. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ævintýramyndin um riddara hringborðsins, með Arthúri konungi í fararbroddi, er viðfangsefni kvikmyndaleikstjóra. Aðalhlutverk: Nigel Terry, Helen Mirren, Nicholas Clay og Cherie Lunghi. Leikstjóri: John Boorman. Alls ekki við hæfi barna.
- 1.30 **Dagskrárlok.**



- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Þór-hildur Ólafs flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í Morgunarsíðu með Sólvægu Thorarensen.** Fréttayfirlit kl. 8.30.

7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.

- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn** - „Sumar í sveit“ eftir Jennu og Hreiðar Stefánsson, Þórunn Hjartardóttir les (3.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
- 9.30 **Íslenskur matur.** Kynntur gamlar íslenskar mataruppskriftir sem safnað er í samvinnu við hlustendur og samstarfsnefnd um þessa söfnun. Sigrún Björnsdóttir sér um þáttinn.
- 9.40 **Landpósturinn** - Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Óskastundin.** Helga Þ. Stephensen kynnrir efni sem hlustendur hafa óskað eftir að heyra, bókarkafli, smásögur og ljóð. Tekið er við óskum hlustenda á miðvikudögum milli kl. 17.00 og 18.00.
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Kynntur tónlistarmaður vikunnar: Guðmundur Emilsson, hljómsveitarstjóri. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti nk. föstudag.)
- 11.53 **Dagskrá.**
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 13.05 **Í dagsins önn** - Myndlist barna. Umsjón: Hlynur Hallsson. (Frá Akureyri)
- 13.35 **Miðdegissagan:** „Brotið úr tófraspelinum“ eftir Sigrid Undset. Arnheiður Sigurðardóttir þýddi. Þórunn Magnæa Magnúsdóttir les (6.)
- 14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 14.05 **Norrænir tónar.**
- 14.30 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Halldór Vilhelmsson, Þórunn Ólafsdóttir, Kammerkórinn og Eygló Víktorsdóttir syngja íslensk lög. (Hljóðritanir Útvarpsins.)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Hvað skal segja?** Umsjón: Ólafur Þórðarson. (Endurtekinn þáttur frá 8. apríl sl.)
- 15.45 **Þingfréttir.**
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Barnaútarpið.** Meðal efni er heimsoðin í Laugarnesskóla. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist á síðdegi** - Saint-Saens og Respighi.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Á veltvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.**
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
- 20.00 **Litli barnatíminn** - „Sumar í sveit“ eftir Jennu og Hreiðar Stefánsson, Þórunn Hjartardóttir les (3.) (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Tónskáldþingið í París 1988.** Sigurður Einarsson kynnrir verk samtímatónskálda, verk eftir Tysir Erkki-Sven frá Sovétríkjum og Sdrjan Dedic frá Júgóslavíu.
- 21.00 **„Í töfrabirtu“**, smásögur úr samnefndri bók Williams Heinesens. Knútur R. Magnússon les þýðingu Hannesar Sigfússonar.
- 21.30 **Tímastjórnun.** Umsjón: Bergljót Baldursdóttir. (Endurtekinn þáttur úr þáttaröðinni „Í dagsins önn“.)
- 22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldinsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.30 **„Vísindin efla alla dáð“**. Fyrsti þáttur af sex um háskólamenntun á Íslandi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Einnig útvarpað á föstudag kl. 15.03.)
- 23.10 **Djassþáttur.** Jón Múli Árnason.
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfssdóttir. (Endurtekinn frá föstudagsmorgni.)
- 01.00 **Veðurfregnir.** Næsturútarpi á samtengdum rásum til morguns.
- 01.10 **Vökulögin.**
- 7.03 **Morgunútarpið.** Leifur Hauksón og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni líðandi stundar. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.



- 9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Áslaug Dóra kl. 9. Morgunþyrpa Áslaugar Dóru Eyjólfssdóttur. - Afmælikveðjur kl. 10.30.
- 11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.15 **Heimslöðin.**
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
- 14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útklíki og leikur ný og fin lög. - Útklíkið upp úr kl. 14 og kynntur sjómaður vikunnar.
- 16.03 **Dagskrá.** Dægumálaútarpi fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Evar Kjartansson og Sigríður Einarssdóttir. - Kaffisjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendabjónustan kl. 16.45. - Bréf af landsbyggðinni berst hlustendum eftir kl. 17. - Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
- 18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málín eins og þau horfa við landslýð. Sími þjóðarsálarinnar er 91 38500.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.32 **Íþróttarásin.** Umsjón: Íþróttafrettamenn og Georg Magnússon.
- 22.07 **Á rólinu.** með Önnu Björk Birgisdóttur.
- 01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næsturútarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
- 8.07 - 8.30 **Svæðisútarpi Norðurlands.**
- 18.03 - 19.00 **Svæðisútarpi Norðurlands.**



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Valdis er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskálögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis.** Hvað finnst þér? Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dýranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Ómar Valdimarsson stýrir umræðunum.
- 19.00 **Freyrímóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist - minna mas.
- 20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskálög.
- 24.00 **Næturdagskrá.** Fréttir á Stjórnum kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
- 10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikur, tónlist og ýmslegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskálögum hlustenda til skila.
- 14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskálög í bland við ýmsan fróðleik.
- 18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárlíður hefur verið endurvakin vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
- 19.00 **Freyrímóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist - minna mas.

- 20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskálög.
- 24.00 **Næturstjórnur.** Fréttir á Stjórnum kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 9.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskálögum og kveðjum í síma 623666.
- 11.00 **Prógramm.** E.
- 13.30 **Opíó hús hjá Bahá'um.** E.
- 14.30 **Á mannlegu nóttum.** Flokkur mannsins. E.
- 15.30 **Um Rómönsku Ameríku.** E.
- 16.00 **Búseti.** E.
- 16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
- 17.00 **Samtökin '78.**
- 18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstri-sósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
- 19.00 **Opíó.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
- 20.00 **FES.** Unglingaþáttur. Umsjón Arna.
- 22.00 **Við og umhverfið.** Þáttur í umsjá dagskrárhóps um umhverfismál á Útvarpi Rót.
- 22.30 **Alþýðubandalagið.**
- 23.00 **Samtök græningja.** E.
- 23.30 **Rótardagaug.**
- 24.00 **Næturvakt.**



- 12.00 **FB.**
- 14.00 **FG.**
- 16.00 **MR.**
- 18.00 **MS.**
- 20.00 **IR.**
- 22.00 **FB.**
- 24.00 **MR.**
- 02.00 **Dagskrárlok.**



- 17.00 **Blessandi bóðskapur í margvislegum tönnum.**
- 20.00 **Vinsældaval Alfa.** Stjórnandi Jóhanna Benný Hannesdóttir (Endurtekið næstkomandi laugardag.)
- 22.00 **Í miðri viku.** Blandaður tónlistar- og rabbþáttur. Stjórn: Al fons Hannesson.
- 24.00 **Dagskrárlok.**




- 18.00-19.00 **Í miðri viku.** Fréttir af íþróttafélögum o.fl.



- 6.30 **Viðskiptaþáttur.**
- 7.00 **The DJ Kat show.** Barnaþáttur.
- 9.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
- 11.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 11.30 **Sky by Day.** Fréttaráttur.
- 12.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur.
- 13.00 **Another World.** Sápuópera.
- 14.00 **General Hospital.** Sápuópera.
- 15.00 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
- 16.00 **Loving.**
- 16.30 **Family Affair.** Gamanþáttur.
- 17.00 **Poppþáttur.**
- 18.00 **The Young Doctors.**
- 18.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
- 19.00 **Sky Star Search.** Skemmtiþáttur.
- 20.00 **Sale Of The Century.**
- 20.30 **Hey Dad.**
- 21.00 **Mr. Belvedere.**
- 21.30 **The Last Outlaw.** Framhaldsþáttur.
- 22.30 **Against The Wind.**
- 23.30 **Jameson Tonight.**
- 00.30 **Matt Helm.**



- 19.00 **Íþróttakynning Eurosport.**
- 20.00 **Mazda's Eye On Sport.** Fréttir og fleira.
- 21.00 **Tennis.** Tournament Of Champions.
- 22.00 **Golf.** Dunhill Cup.
- 24.00 **Knattspyrna.** UEFA bikarinn. Úrslitakeppnin. 01.30 **Íþróttakynning Eurosport.**



Háskóli Íslands er í brennidepli í þáttaröðinni Vísindin efla alla dáð.

Rás 1 kl. 22.30:

Vísindin efla alla dáð

Vísindin efla alla dáð er þáttaröð í sex hlutum um Háskóla Íslands og málefni háskólamenntunar hér á landi. Verður hann á dagskrá á sama tíma í maí og fram í júnibyrjun. Umsjónarmaður er Einar Kristjánsson. Þróun svokallaðrar æðri menntunar hefur verið geysirhröð á undanförunum árum. Sífelld stærra hlutfall ungs fólks aflar sér sérhæfðar menntunar á háskólastigi til að mæta auknum og sýbreytilegum kröfum vinnumarkaðarins. Nú stunda vel á fimmta þúsund nemendur nám við Háskóla Íslands og fleiri menntastofnanir útskrifa kandiata með háskólapróf. Það má því vera ljós að margir valkostir eru fyrir lærdómssúsa þjóð. En hver er stefna stjórnvalda í málefnum háskólamenntunar? Hver er staða Háskóla Íslands gagnvart nýju námsframboði á háskólastigi? Eiga allir erindi í langt og fræðilegt nám? Hver er staða vísindaiðkana við íslenska háskóla? Hvernig er tengslum við atvinnulíf á hátt? Hvernig nýtist akademísk menntun og þekking íslensku þjóðfélagi? Er gjá á milli háskólamanna og svokallaðs almenningss? Þessum spurningum og fleirum er leitast við að svara í þáttaröðinni sem lýkur 7. júní með hringborðsumræðum. Í þættinum í kvöld verður fjallað um menntastefnu Háskóla Íslands, kennslumál, námsráðgjöf og endurmenntun.

Sjónvarp kl. 21.55:

Lánið er valt

Miðvikudagskvikmynd sjónvarpsins er gömul og klassísk kvikmynd Lánið er valt (Is This Our Life) með Bette Davis í aðalhlutverki. Segir í kvikmyndahandbókinni að í þessari mynd sé Davis á hátindi feris síns. Leikur hún Stanley Timberlake, sjálfsselskufulla og illgjarna stúlku. Þremur dögum áður en hún á að giftast lögfræðingnum Craig Fleming strýkur hún með læknum Peter Kingsmill sem þegar er giftur. Eiginkona Kingsmill fær Fleming til að sjá um skilnað sinn. Þau tvö eiga sameið í sorgum sínum er síðar leiðir til ástar. Peter aftur á móti kynnist fljótt grimmd Stanley og fremur sjálfsmorð í örvæntingu. Stanley snýr aftur og er alls ekki sátt við að lögfræðingurinn hennar sé kominn í fangið á ekkjunni ... Bette Davis fer á kostum í hlutverki hinnar grimmyndu Stanley. Önnur stórstjarna Olivia de Havilland leikur einnig stórt hlutverk í myndinni. John Huston leikstýrir þessari melódrámatísku kvikmynd. Og eins og honum er lagið tekst honum að komast fimlega hjá öllum gildrum þannig að myndin er aldrei væmin. -HK

Stöð 2 kl. 22.50:

Hrolltröð

Þrjá miðvikudaga í röð verða á dagskrá Stöðvar tvö spennumyndir sem ganga undir samheiti Hrolltröð. Það er leikarinn góðkunnur John Hurt er leikur aðalhlutverkin í þeim öllum. Í fyrstu myndinni Hefndin (Vengeance) er Peter Chamody á flótta undan mönnum sem ætla að drepa hann. Þegar hann á hóteli einu hittir fyrir hóp fólks sér hann tækifæri til að losna undan þeim er sækjast eftir lífi hans. Í annarri myndinni Frí fyrir þrjá (Holiday For Three) fylgimst við með því þegar miðilsfundur breytist í martröð fyrir þátttakendur og í þriðju myndinni Stuttar nætur (Short Nights) kynnimst við harmleik hjá hjón-



John Hurt leikur aðalhlutverkið í þremur spennumyndum sem verða sýndar þrjá miðvikudaga í röð.

um einum sem gruna hvort annað um svik. -HK